

26. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 9. desember og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Tyrfingur Sveinsson varamaður og Nanna Jónsdóttir.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Fyrir var tekið:

1. Ásaljós

Undir þessum lið mætti Guðmundur Daníelsson verkefnastjóri Ásaljóss og kynnti stöðu verkefnisins. Jarðvinnu er lokið, allir tengistaðir þar með talin öll heimili í Ásahreppi sem óskuðu eftir tengingu, eru tengd við ljósleiðarakerfið. Íbúar geta pantað sér þjónustu frá þjónustuveitum. Nú tekur við frágangur á gögnum verkefnisins ásamt því að koma rekstri kerfisins í farsælan farveg. Vinna þarf tillögu að rekstrarfyrirkomulagi til framtíðar auk þess að koma landfræðilegri legu lagna á aðgengilegt form. Hreppsnefnd felur verkefnastjóra og sveitarstjóra að móta tillögur þess efnis. Samþykkt.

2. Fundargerð 25. fundar hreppsnefndar

Fundargerð 25. fundar hreppsnefndar Ásahrepps frá 11. nóvember s.l. yfirfarin.

3. Fundargerðir

a) 43. fundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. haldinn 10. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

b) 1. fundur öldungaráðs Rangárvallasýslu, haldinn 16. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

c) 173. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 20. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

d) Stjórnarfundur Húsakynna bs. haldinn 23. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

e) Aukaaðalfundur Húsakynna bs., haldinn 23. nóvember s.l. Liður nr. 1 þarfnast staðfestingar.

liður nr. 1; Breytingar á samþykktum Húsakynna bs:

Lagðar voru fram nýjar samþykktir fyrir Húsakynni bs. Samþykktirnar eru sniðnar að breyttu hlutverki byggðasamlagsins í framtíðinni, en fyrirhugað er að frá og með næstu áramótum taki Húsakynni bs. að sér rekstur og útleigu á eignum, sem aðildarsveitarfélögin eiga að fullu eða með ríkinu og nýttar eru til sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna. Samþykktirnar voru samþykktar samhljóða og öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Hreppsnefnd gerir hvorki athugasemd við afgreiðsluna, né við endurskoðaða útgáfu samþykpta Húsakynna bs.

Samþykkt.

f) 37. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 23. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

g) Aukaaðalfundur Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps fyrir árið 2015, haldinn 23. nóvember s.l. Liður nr. 1 þarfnast staðfestingar og liður nr. 2 kynningar.

Liður nr. 1; Breytingar á samþykktum Vatnsveitunnar:

Sveitarstjóri Rangárbings ytra Ágúst Sigurðsson gerir grein fyrir niðurstöðum af endurskoðun samþykktar Vatnsveitunnar og tillögu þar að lútandi.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir hvorki athugasemd við afgreiðsluna, né við endurskoðaða útgáfu samþykktar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs.

Samþykkt.

Liður nr. 2. Gjaldskrá fyrir árið 2016:

Helstu breytingar frá gildandi gjaldskrá nr. 1095/2013 eru þær að sumarhús greiða sama gjald og íbúðarhús. Tengigjöld og vatnsgjöld vegna brynninga í beitarhólf hækka og verða 50% af íbúðarhúsagjaldi fyrir skriðlokategingar og 150 % fyrir hólf án skriðloka. Leiga vegna rennismæla hækkar.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu stjórnar.

h) 22. fundur viðræðunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, haldinn 23. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

i) 23. fundur viðræðunefndar Rangárbings ytra og Ásahrepps, haldinn 25. nóvember s.l.

Lagt fram til kynningar.

j) 100. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 26. nóvember s.l. mál nr. 19 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 20 og 21 er til kynningar.
Mál nr. 19. 1511062 - Sprengisandslína 220kV: Mat á umhverfisáhrifum: Beiðni um umsögn

Lögð fram tillaga Landsnets að matsáætlun fyrir 220 kV Sprengisandslínu dags. október 2015. Óskað er eftir umsögn um hvort tillagan geri nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar, hvort gerðar séu athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem er fyrirhuguð, hvernig til standi að vinna úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Ásahrepps og þarf jafnframt að vera í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. *Skipulagsfulltrúa er falið að vinna að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarmönnum til staðfestingar.*

Umsögn:

Í matsáætlun er fjallað með ítarlegum hætti um hvernig meta eigi umhverfisáhrif fjögurra megin kosta (A-D) á legu háspennulínu/jarðstrengs yfir Sprengisand og er ekki gerð athugasemd við þá umfjöllun. Auk kosta A-D er settur fram núllkostur sem felur í sér að ekki verði ráðist í styrkingu á flutningskerfinu í heild auk þess sem minnst er á aðra kosti á styrkingu flutningskerfisins, þ.e. kosti sem fjallað er um í Kerfisáætlun Landsnets fyrir árin 2014 – 2023.

Að mati skipulagsnefndar er nauðsynlegt að umhverfisáhrif annarra kosta á styrkingu flutningskerfisins verði metin á sambærilegan hátt og fyrirhugað er að gera með Sprengisandslínu. Það er ljóst að lagning háspennulínu yfir Sprengisand mun alltaf hafa mikil umhverfisáhrif í för með sér burtséð frá því hvaða valkostur verður fyrir valinu. Það er mat nefndarinnar að til að geta tekið upplýsta afstöðu til málsins verði að skoða aðra kosti á styrkingu flutningskerfisins með jafn nákvæmum hætti og að samfélagsleg og byggðasjónarleg áhrif verði þar skoðuð sérstaklega.

Hreppsnefnd tekur undir umsögn skipulagsnefndar og staðfestir hana.

Mál nr. 20. 1511003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-18

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. nóv. s.l.

Mál nr. 21. 1511006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-19

Fyrir liggja afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. nóv. s.l.

k) 30. stjórnarfundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 26. nóvember s.l. liður 3 þarfnast umfjöllunar.
Liður 3. 1510006 - Úttekt á starfsemi Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. og Tæknisviðs Uppsveita

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi skýrslu.

l) 24. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 27. nóvember s.l.
Lagt fram til kynningar.

m) 25. fundur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 30. nóvember s.l.
Lagt fram til kynningar. Verður tekið til umræðu undir 4. dagskrárlið „Tillögur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps“.

n) 8. fundur samráðsnefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps, haldinn 1. desember s.l.
Lagt fram til kynningar. Verður tekið til umræðu undir 4. dagskrárlið „Tillögur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps“.

o) 8. fundur fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, haldinn 3. desember s.l.
liður nr. 1, 3 og 4 þarfnast umfjöllunar. Liður nr. 6 er til kynningar.

Liður nr. 1-1411084 - Skólastefna Rangárþings ytra og Ásahrepps

Drög að skólastefnu

Reynir Daníel Gunnarsson kynnti tillögu að Skólastefnu Ásahrepps og Rangárþings ytra. Góð umræða varð um tillöguna og gerðar nokkrar tillögur til breytinga á orðalagi. Reyni Daníel Gunnarssyni falið að lagfæra stefnuna í samræmi við umræður á fundinum.

Skólastefnan, með breytingum, var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd samþykkir samhljóða skólastefnuna með breytingum fræðslunefndar og fagnar því að henni sé lokið. Hreppsnefnd vill þakka Reyni Daníel Gunnarssyni fyrir sína aðkomu að stefnunni.

Liður nr. 3. 1511076 - Erindi frá leikskólakennurum

Lögð fram tillaga um að skipa tímabundinn 5 manna starfshóp til að koma fram með tillögur að átaki til eflingar leikskólastigsins í sveitarfélögunum. Starfshópin skipa Sigrún B. Benediktsdóttir, Auður Erla Logadóttir, Nanna Jónsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Hafdís Ásgeirsdóttir. Nanna Jónsdóttir kallar hópinn saman.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar.

Liður nr. 4. 1510067 - Daggæsla í heimahúsum

Hugmynd hefur komið fram um að taka upp sérstakar heimgreiðslur til foreldra ungra barna. Greiðslurnar væru hugsaðar í þeim tilfellum þegar börnin eru ekki á leikskóla hvort heldur sem er vegna þess að ekki er pláss eða að foreldrar velja að hafa börnin heima fyrst í stað. Hugmyndin gengur út á að heimgreiðslurnar séu mögulegar til foreldra barna á aldrinum 9 mánaða til 18 mánaða. Lagt er til að upphæðin verði 30 þ. á mánuði.

Fræðslunefnd tekur undir tillögur um sérstakar heimgreiðslur til foreldra ungra barna samkvæmt þeirri tillögu sem liggur fyrir.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu um heimgreiðslur og felur sveitarstjóra að útfæra þær nánar í samstarfi við Rangárþing ytra.

liður nr. 6 1511077 - Ársskýrsla 2014-15 Leikskólinn á Laugalandi

Lagt fram til kynningar.

4. Tillögur viðræðunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps

Fyrir liggja endanlegar tillögur viðræðunefndar frá 25. fundi viðræðunefndar. Tillögurnar voru kynntar á 8. fundi samráðsnefndar Rangárþing ytra og Ásahrepps þann 1. des. s.l. undir 1. lið.

Liður 1. 1503048 - Áfangaskýrsla um útfærslu verkefna

Lögð fram heildarskýrsla um endurskoðun og útfærslu einstakra samstarfsverkefna Ásahrepps og Rangárþings ytra. Kynntir helstu kaflar skýrslunnar og Auðunn Guðjónsson fór yfir kostnaðartölur og aðferðir við skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaganna.

Ákveðið að vísa heildarskýrslunni og tillögnum sem fram koma í henni til afgreiðslu í sveitarstjórnnum Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Samþykkt samhljóða

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við heildarskýrsluna og fyrirliggjandi rammksamkomulag um samstarf sveitarfélaganna Ásahrepps og Rangárþings ytra.

Hreppsnefnd

Fyrir liggur þjónustusamningur milli Húsakynna bs. og skrifstofu Rangárþings ytra.
Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi þjónustusamning.

Fyrir liggur þjónustusamningur milli Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. og skrifstofu Rangárþings ytra.
Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi þjónustusamning.

Fyrir liggur þjónustusamningur milli Odda bs. og skrifstofu Rangárþings ytra.
Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi þjónustusamning með fyrirvara um stofnun byggðasamlagsins.

5. Erindi til hreppsnefndar

- a) **Bréf frá sýslumanni á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir gistingu flokk I á Miðási**

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði endurnýjað.

- b) **Beiðni frá N4 um að vera með jóla- og áramótakveðju.**

Erindinu hafnað.

- c) **Beiðni um auglýsingu frá Gigtarfélagi Íslands vegna útgáfu, Gigtin 2. tbl. 2015.**

Erindinu hafnað.

- d) **Beiðni um styrk frá Félagi íslenskra fíkniefnalögreglumanna vegna auglýsingar í Morgunblaðið á gamlársgl.**

Erindinu hafnað.

- e) **Beiðni um auglýsingu í jólablað Héraðsblaðs Suðurlands gefið út af sjálfstæðisfélagi Óðins.**

Erindinu hafnað.

- f) **Beiðni um styrk vegna endurnýjunar orgels í Kálfholskirkju Ásahreppi.**

Samþykkt að veita styrk að upphæð 750.000 kr. gegn framvísun greiðslukvittunar.

- g) **Beiðni um styrk við Snorraverkefni 2016.**

Erindinu hafnað.

6. Samþykktir Odda bs. (síðari umræða)

Teknar til síðari umræðu stofnsamþykktir fyrir Odda bs., deildaskipt byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, þ.e. Leikskólann Laugalandi, Heklukot Hellu, Laugalandsskóla og Grunnskólann Hellu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykki fyrir sitt leyti að stofna byggðasamlagið Odda bs. samkvæmt fyrirbyggjandi samþykktum þar um.

Samþykkt samhljóða.

7. Samþykktir Ásahrepps – endurskoðun (síðari umræða)

Lagt er til að endurskoðaðar samþykktir fyrir Ásahrepp um stjórn og fundarsköp verði sendar til staðfestingar hjá innanríkisráðuneyti.

Samþykkt.

8. Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2016

Útsvarshlutfall verði óbreytt frá árinu 2015, 12,44%.

Fasteignaskattur A:lækkar úr 0,32% í 0,23% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og sumarhús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasöfn, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Samþykkt.

Hreppsnefnd

Vatnsgjald; skv. sérstakri gjaldskrá, Vatnsveitu Rangárþing ytra og Ásahrepps bs. Tillögur að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti hjá elli- og örorkulífeyrisþegum í Ásahreppi árið 2016.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. gjaldskrá. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. Samþykkt.

9. Fjárhagsáætlun 2016-2019 (síðari umræða)

Fjárhagsáætlun Ásahrepps 2016 -2019, lögð fram til seinni umræða.

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir samantekið A og B hluta eru þessar:

Árið:	2016	2017	2018	2019
Heildartekjur	232,1 millj. kr.	231,6 millj. kr.	231,6 millj. kr.	231,6 millj. kr.
Rekstrargjöld	199,7 millj. kr.	201,8 millj. kr.	202,1 millj. kr.	204,8 millj. kr.
Fjármagnstekjur og (gjöld)	2,3 millj. kr.	2,6 millj. kr.	2,7 millj. kr.	2,6 millj. kr.
Rekstrarniðurstaða, jákvæð	34,7 millj. kr.	32,4 millj. kr.	32,2 millj. kr.	29,4 millj. kr.
Veltufé frá rekstri	52,6 millj. kr.	51,8 millj. kr.	53,5 millj. kr.	51,9 millj. kr.
Fjárfestingarhreyfingar	-34,6 millj. kr.	-41,8 millj. kr.	-51,3 millj. kr.	-21,3 millj. kr.

Lækkun á útsvarshlutfalli og A-stofni fasteignagjalda mun að öllum líkindum leiða til nokkurrar tekjuskerðingar fyrir sveitarfélagið. Til að mæta henni verða eftirfarandi styrkir lagðir niður; a) styrkur á móti C stofni fasteigna, b) deiliskipulagsstyrkir og c) styrkir til bólusetningar sauðfjár. Aðrir styrkir haldast óbreyttir.

Samþykkt með 3 atkvæðum (ES, EG og NJ)

Bókun: BJJ greiðir atkvæði á móti þessari tillögu.

Bókun TS: Er samþykktur tillögunni að undanskildu því að styrkur til bólusetningar sauðfjár verði inni.

Hreppsnefnd samþykkir framlagða fjárhagsáætlun samhljóða að öðru leyti.

10. Ásgarður

Fyrir liggur skýrsla um ástandsmat vegna mögulegra endurbóta á Ásgarði, félagsheimili Ungmennafélags Ásahrepps.

Hreppsnefnd leggur til að tímabundinn starfshópur verði myndaður í samstafi við Ungmennafélag Ásahrepps vegna framtíðar Ásgarðs. Helsta hlutverk starfshópsins er að setja verkefninu ramma að hugmyndaleit og framtíðarnýtingu Ásgarðs. Starfshópnum falið að skila af sér tillögum í lok febrúar. NJ og BJJ falið að vinna málið áfram í samstarfi við formann Ungmennafélags Ásahrepps.

11. Jafnréttisáætlun

Lögð fram til fyrri umræðu drög að jafnréttisáætlun fyrir Ásahrepp samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Málinu vísað til umræðu í jafnréttisnefnd fyrir seinni umræðu.

Hreppsnefnd

12. Sveitarstjóri

Ráðningarsamningur núverandi sveitarstjóra, Nönnu Jónsdóttur, rennur út í lok þessa árs. Lögð fram tillaga um að framlengja ráðningarsamning sveitarstjóra út kjörtímabilið.

Samþykkt með 3 atkvæðum (ES, EG og NJ).

2 atkvæði á móti (TS og BJJ).

13. Næsti fundur hreppsnefndar

Samþykkt að næsti fundur hreppsnefndar verði miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 09:00.

Einnig er samþykkt að lagt verði fyrir næsta fund fundaáætlun fyrir árið 2016. Sveitarstjóra falið að vinna að tillögu í samræmi við umræður.

Til kynningar:

- A. Skipulag og ferðamál-hugmyndahefti, skipulagsstofnun.
- B. Þjóðskrá Íslands starfsemi 2014.
- C. Minnisblað um fund með Eygló Harðardóttur félags-og húsnæðismálaráðherra, Mýrdalshreppur.
- D. Breyting á aðalnámskrá framhaldsskóla.
- E. Áætluð framlög aðildarsveitarfélaga til SASS og tengdra stofnana árið 2016.
- F. ÁLYKTUN STJÓRNAR LANDSSAMTAKANNA ÞROSKAHJÁLPAR, 14. NÓVEMBER 2015.
- G. 80 milljónir í boði fyrir íslensk samtök og sveitarfélög.
- H. 243. fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.
- I. 244. fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands.
- J. Samantekt frá samráðsfundum - eigendastefna um þjóðlendur.
- K. Tilkynning um breytingar á lögræðislögum.
- L. Fundargerð 832. fundar stjórnar sambandsins.
- M. Tíðindi nóvember 2015 – endurbætt.
- N. Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2016-2017.
- O. Fundargerð aðalfundar Bergrisans.
- P. 168. fundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands – fundargerð.
- Q. Fundargerð almannavarnanefndar frá 9. október s.l.
- R. Frá ársfundi Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga.
- S. 1001 dagur.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:40